

Ed.

237. Frumvarp til laga

[116. mál]

um breyting á lögum nr. 85 30. des. 1963, um Lífeyrissjóð barnakennara.

Flm.: Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

15. gr. laganna breytist þannig:

Í stað orðanna í 1. mgr. „Ellilífeyrir hans og lífeyrir eftirlátins maka ... er veitti aðgang að sjóðnum“ komi: Ellilífeyrir hans og lífeyrir eftirlátins maka skal vera hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, sem sjóðfélagi gegndi síðast, samkv. 10. og 12. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt hinum eldri lögum um lífeyrissjóð barnakennara skyldi upphæð ellilífeyris vera hundraðshluti af meðalárslaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, og var sá hundraðshluti hækkandi, eftir því sem starfstími var lengri, sbr. 10. gr. l. 102/1943. Sama regla gildi um útreikning og viðmiðun á ellilífeyri manns, er í lífanda lífi og af öðrum ástæðum en elli og örorku hafði látið af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, en hafði látið iðgjöld sín standa inni í sjóðnum. Með lögum nr. 85/1963 var horfið frá viðmiðun 10 ára meðaltalslauna, en í stað þess ákveðið, að miða skyldi við laun þau, er á hverjum tíma fylgja starfi því, sem sjóðfélaginn síðast gegndi, sbr. 3. mgr. 10. gr. l. 85/1963. En samkvæmt l. 85/1963 gilda mismunandi reglur um viðmiðun ellilífeyris í þeim tveim tilvikum, sem áður er getið. Aðalreglan er sú samkvæmt 3. mgr. 10. gr., að ellilífeyri skuli miða við þau laun, er á hverjum tíma fylgja starfi því, er sjóðfélaginn síðast gegndi. Hins vegar gildir önnur regla um viðmiðun á ellilífeyri þess sjóðfélaga, er í lífandi lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku hefur látið af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum. Samkvæmt 15. gr. skal ellilífeyrir hans og lífeyrir eftirlátins maka, sbr. 10. og 12. gr., miðast við starfstíma hans og laun þau, er hann hafði, er hann lét af stöðu þeirri, er veitti aðgang að sjóðnum. Hann getur því orðið tiltölulega mun verr settur en hinn, sem gegnir stöðunni til hámarksaldurs. Virðist eigi ástæða til að gera þann mun, þar sem starfstíminn takmarkar hvort eð er upphæð lífeyrisins, og fullgildar ástæður geta legið til þess, að maður skipti um starf og hverfi úr opinberri þjónustu, áður en lífeyrisaldri er náð. Er hæpið, að löggjafinn hafi gert sér grein fyrir þessum mun, er lögnum var breytt 1963. Með frv. þessu er lagt til að sama regla gildi í báðum tilvikum, svo sem var áður en l. 85/1963 tóku gildi.